



EVI2A05 – Endurlagnir og viðgerðir

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Magnús Þór Guðmundsson

Netfang/netföng:

magnus.gudmundsson@borgo.is

Lýsing:

Skoðaðar verða algengar bilanalýsingar í lagnakerfum. Eðlileg fyrstu skref í bilanaleit verða skoðuð og kannað hvort mögulegar skammtíma- og/eða varanlegar lausnir eru til á vandamálunum. Farið verður yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga þegar kemur að endurlögn í eldri hús sem og endurlögn í hús byggð í seinni tíð. Viðhald stjórnbúnaðar tækjagrinda, dælubúnaðar, varmaskipta og hreinlætistækja verður tekið sérstaklega fyrir. Nemendur gera áætlun um endurlögn í húsi að eigin vali.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- eldri lagnakerfum og lagnaefni.
- helstu lagnaleiðum og hefðum frá fyrri tímum.
- helstu hættum sem geta leynst í eldri lagnakerfum og viðbrögð við þeim.
- hættulegum efnum í eldri húsum s.s. asbesti og smitsjúkdómum sem geta leynst í eldri frárennislögnum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina algengar bilanir sem koma upp í lagnakerfum.
- meta þörf fyrir brunavarnir og notkun slökkvitækja.
- sýna góða umgengni og alúð í vinnu við endurlagnir.
- nota myndavélar til skoðunar og mats á frárennislögnum.
- meta frárennislagnir í grunnum eldri húsa eftir aldri og efni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- annast viðhald og viðgerðir á eldri lagnakerfum og tækjum.
- meta eldri lagnakerfi, gera tillögur til úrbóta og verja húshluta og innbú gegn skaða við endurlagnir.
- velja lagnaefni og lagnaleiðir við endurlagnir í eldri hús.
- meta upphitunarþörf einstakra rýma og forstillta ofnloka í samræmi við það mat.
- skipuleggja og setja saman kerfi um fyrirbyggjandi viðhald.
- vinna í samræmi við viðurkenndar öryggisreglur og öryggisbúnað.

Námsmat:

Verkefni unnin í tímum og heima 40%

Vettvangsferðir: Skýrslur 20%

Áætlun um endurlögn 10%

Könnun 30%

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}



Námsgögn:

Lagnaþekking

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Farnar verða vettvangsferðir þar sem nemendur þurfa að koma sér sjálfir á staðinn. Gefinn verður rúmur tími til að komast aftur í skólabyggingu áður en aðrir tímar byrja.

Vika	Dagur	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	1	20.08	Almenn yfirferð á efni áfangans.	
	2	21.08		
	3	22.08		
	4	23.08	Vettvangsferð 1: Klaki Pípari	
	5	26.08	Vettvangsferð 1: Skýrsla	10%
2	6	27.08	Verkefni 1: Bilanagreining	10%
	7	28.08		
	8	29.08	Verkefni 2: Leiðbeiningar	10%
	9	30.08	Vettvangsferð 2: Tengji ehf	
	10	02.09	Vettvangsferð 2: Skýrsla	10%
3	11	03.09	Verkefni 3: Bilanagreining	10%
	12	04.09	Verkefni 4: Leiðbeiningar	10%
	13	05.09		
	14	06.09	Könnun Áætlun um endurlögn: Lokaskil	30% 10%
	15	09.09	Yfirferð á könnun og Áætlun um endurlögn	

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.